

# EFTIRLITSSKÝRSLA

## Arnarlax ehf. Fossfjörður í Arnarfirði



Dags eftirlits	13.6.2024	Ábyrgðarmaður eftirlits	Auður Eyberg Helgadóttir
Fyrirtæki	Arnarlax ehf.	Eftirlitsmaður	Auður Eyberg Helgadóttir
Heimili	Strandgötu 7	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	580310-0600	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Silja Baldvinsdóttir	ÍSAT nr.	03.21.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

### NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Þrjú frávík komu fram í eftirliti: 1) Ársyfirliti var ekki skilað fyrr en 26.júní 2024. 2) Undirrituðu grænu bókhaldi var ekki skilað fyrr en 6. maí sl. 3) Útstreymisbókhaldi var ekki skilað inn.

Ein ábending var gerð í eftirlitinu:

Bent var á í eftirlitinu að rekstraraðila ber að skila inn til Umhverfisstofnunar núll skýrslu þegar svæðið er í hvíld lengur en eitt ár.

### UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt með vísan í 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Um er að ræða sjókvíaeldi Arnarlax í Fossfirði, Arnarfirði. Starfsleyfið tekur til sjókvíaeldis þar sem heimilt er að framleiða allt að 3.000 tonnum af laxi á einu almanaksári með þeim takmörkunum að hámarksframleiðsla á hverjum þremur árum skal samtals vera 4.500 tonn og lífmassi á hverjum tíma skal ekki fara yfir 3.000 tonn.

Eftirlitið fór fram 13. júní sl. en fjárfundur var haldinn 22. ágúst sl. Þar sem farið var yfir gögn og áætlanir.

Boðað umfang eftirlitsins var:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Farið var yfir starfsleyfið og minnt á skil samkvæmt því
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Áætlanir og viðbrögð
- Umgengni og aðkoma lóðar
- Geymsla og meðhöndlun hættulegra efna

- Eitt frávík kom fram í eftirlitinu árið 2023 sem snýr að upplýsingaskyldu rekstraraðila. Gögn skiluðu sér og telst frávíkinu því lokað.
- Áhættumat 2024 til ákvörðunar á tíðni eftirlits skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, fylgdi fundarboði eftirlits og var það uppfært miðað við núverandi stöðu að eftirliti loknu
- Rekstraraðili er með umhverfismarkmið. Það var engin framleiðsla árið 2023 í Fossfirði.
- Engar sýnatökur voru teknar við hámarks lífmassa árið 2023, þar sem enginn fiskur var í kvíum. Ekki var skilað inn útstreymisbókhaldi fyrir Fossfjörð. Rekstraraðila er bent á að skila inn núll skýrslu ef svæðið er í hvíld.
- Viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar sem og neyðaráætlun vegna tímabundinnar eða varanlegrar stöðvunar reksturs er til staðar.
- Sigt var fram hjá kvíastæðum, þau eru tóm og engin fóðurprammi á svæðinu.
- Þar sem svæðið er í hvíld þá var engin prammi og því engin efni geymd á svæðinu.

**Gr. 3.2 í starfsleyfi.**

Rekstraraðila ber að skila inn ársyfirliti og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. Ársyfirliti var ekki skilað fyrir en 26.júní 2024 og með ófullnægjandi upplýsingum.

**Gr. 3.3 í starfsleyfi.**

Rekstraraðila ber að skila inn grænu bókhaldi og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. Grænu bókhaldi var ekki skilað fyrir en 6. maí 2024.

**Gr. 3.3 í starfsleyfi.**

Rekstraraðila skal færa útstreymisbókhald í samræmi við reglugerð nr. 990/2008, um útstreymisbókhald.



## ÁBENDINGAR

Ein ábending var gerð í eftirlitinu:

Bent var á í eftirlitinu að rekstraraðila ber að skila inn til Umhverfisstofnunar núll skýrslu þegar svæðið er í hvíld lengur en eitt ár.

Reykjavík, 24.09.2024

**1** Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

**2** Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

---

Auður Eyberg Helgadóttir

